

**Samantekt um þekktar minjar innan áhrifasvæðis  
ljósleiðara í Skaftártungu**

**GREINARGERÐ**

**Elín Ósk Hreiðarsdóttir  
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES**

**Reykjavík 2018  
FS715-18471**



©2018

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES  
BÁRUGÖTU 3  
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

[www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## **Samantekt**

Á haustdögum 2018 höfðu forsvarsmenn Skaftárhrepps samband við Fornleifastofnun Íslands og fóru þess á leit að stofnunin ynni samantekt um þekktar minjar innan áhrifasvæðis ljósleiðara í Skaftártungu, nánar tiltekið innan jarðanna Hrifunes, Flögu, Hemru og Hlíðar.

Fornleifastofnun Íslands lauk aðalskráningu í Skaftártungu síðastliðið sumar og kemur lokaskýrsla um skráninguna út í vetrarlok 2018-2019. Hluti af skráningu á svæðinu er því enn á úrvinnslustigi. Við gerð þessarar greinargerðar var öllum vettvangsgögnum safnað saman og farið yfir þær minjar sem þekktar eru innan áhrifasvæðis ljósleiðara en það nær yfir 15 m breitt svæði til beggja átta frá miðlinu lagnarinnar. Tekin voru út sex svæði, í flestum tilvikum heimataugar frá stofnlögn ljósleiðara og heim að íbúðarhúsum. Í ljós kom að átta minjar eru innan áhrifasvæðisins. Flestar þeirra eru fornar leiðir en lögnin nær líka inn á áhrifasvæði gamalla bæjarstæða. Aðeins lítt hluti ljósleiðaralagnar í sunnaverðri Skaftártungu er til umfjöllunar hér á eftir en þegar er búið að leggja stærstan hluta lagnarinnar.

## Aðdragandi, framkvæmd og niðurstöður

Fornleifastofnun Íslands hefur á undanförnum árum unnið að aðalskráningu fornleifa í Skaftártungu fyrir framlag úr Fornminjasjóði og Ameríkska vísindasjóðnum, með stuðningi sveitarfélagsins. Skráningu í hreppnum lauk sumarið 2018 en unnið verður úr gögnum veturinn 2018-2019 og lokaskýrslu skilað í kjölfarið.


Í lok október 2018 hafði sveitarstjóri Skaftárhrepps samband vegna ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins og fór þess á leit að kannað yrði hvort þekktar fornleifar leyndust í eða við fyrirhugað lagnarstæði ljósleiðara í hreppnum í landi jarðanna Hrifunes, Flögu, Hemru og Hlíðar. Áhrifasvæði ljósleiðara er 30 m breitt belti, 15 m til beggi átta út frá miðlinu lagnarinnar.



Í greinargerð þessari verður fjallað um þekktar minjar á umræddum svæðum. Samantektin var gerð í nóvembermánuði 2018 af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur sem ásamt Kristborgu Þórsdóttur hefur unnið aðalskráningu á svæðinu. Rétt er að geta þess að skráningargöggnin fyrir Hrifunes og Flögu eru á vinnslustigi og því mögulegt að kenninúmer minja og annað kunni að breytast lítillega áður en lokaskýrsla verður gefin út. Engin vettvangsathugun var gerð í tengslum við ljósleiðaralögnina og skráningin sem liggur að baki greinargerðinni er því aðeins aðalskráning, en ekki deiliskráning þar sem gengið er skipulega yfir úttektarsvæði í leit að áður óþekktum minjum.

Mikilvægt er að hafa í huga að stærstur hluti ljósleiðaralagnar í sunnanverðri Skaftártungu hefur þegar verið lagður. Ekki er vitað til þess að gerð hafi verið úttekt á fornleifum í tengslum við þann hluta framkvæmdarinnar og er hætt við að hún gæti í einhverjum hafa tilfellum spillt minjum eða farið inn fyrir helgunarsvæði þeirra. Aftast í greinargerðinni er kort sem sýnir staðsetningu allra ljósleiðaralagna á svæðinu þó að eingöngu sé fjallað um afmarkaða hluta þess sem enn hafa ekki verið plægðir í jörð.

## Minjar á áhrifasvæði ljósleiðaralagnar



Yfirlitsmynd sem sýnir (með gulum lit) fyrirhugaða lögn ljósleiðara sem er til umfjöllunar í greinargerðinni. Skráðar fornleifar eru aukenndar með rauðum lit. Loftmynd: Loftmyndir ehf.


Ljósleiðaralögnum sem hér er fjallað um er á samtals sex svæðum sem eru eftirfarandi:

- a) heimtaugar að fjórum húsum í Hrífunesi,
- b) heimtaugar að fjórum húsum í Flögu,
- c) heimtaug að veiðihúsi í Hemrulandi,

- d) heimtaug að Tunguseli í Hemrulandi,
- e) heimtaug að íbúðarhúsi í Hemru,
- f) stofnlögn úr Hermrulandi og yfir að heimreiðum að Hlíðarbæjum.

#### a) Heimtaugar að Hrífunesi

Fjögur íbúðarhús eru í Hrífunesi og mun ljósleiðarinn liggja að þeim öllum. Á milli húsanna mun hann fylgja austanverðri vegöxl þjóðvegar. Bærjarstæðið í Hrífunesi var áður í talsverðri fjarlægð frá núverandi húsum, niður á bakka Hólmsárs. Gamla heimatúnið er því utan áhrifasvæðis vegna ljósleiðara og er því minni hætta á því að áður óþekktar minjar komi í ljós við framkvæmdina en ella. Engin fornleif er þekkt innan 30 m úttektarbeltis ljósleiðara á þessu svæði. Sú fornleif sem er




Fyrirhuguð lega ljósleiðara að íbúðarhúsum í landi Hrífuness. Loftmynd: Loftmyndir ehf

næst ljósleiðara er túngarður SF-188:020 sem er um 25 m norðan við ljósleiðarlögnina þar sem hún liggur að húsi því er byggt var í Hrífunesi 1938 fyrst húsa á núverandi bærjarstæði. Brekka og skógor er á milli garðsins og lagnarstæðis og ætti garðlagið því ekki að vera í neinni hættu vegna lagnarinnar.

## b) Heimtaugar að Flögu

Fjögur íbúðarhús eru nú í Flögu og er gert ráð fyrir að tengja ljósleiðara að þeim öllum. Áætluð lega ljósleiðara er fast norðan við núverandi heimreið að eldri íbúðarhúsunum tveimur. Á þeim kafla mun ljósleiðarinn líklega liggja þvert á gömlu þjóðleiðina (SF-661:011) sem lá til suðurs frá



Fyrirhuguð lega ljósleiðara að íbúðarhúsum í landi Flögu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Hemru en tók einnig sveig heim að Flögubæjunum samkvæmt Herforingjaráðskorti frá um 1904. Ummerki um leiðina eru nú víðast fremur ógreinileg en hún sést þó sem dæld í gegnum túnið bæði norðan og sunnan við bæ og kemur ljósleiðaralögn til með að skera hana eða liggja næri henni á báðum stöðum. Líklega verður ekki hjá því komist að fara í gegnum leiðina ef leggja á

ljósleiðara að húsunum. Þegar komið er heim að bæ liggur heimtaugin annars vegar til norðvesturs að eldra íbúðarhúsínu. Þar stóð gamli bærinn áður (SF187:001) og þar var útihús (SF-187:005) á svipuðum slóðum og yngra útihús stendur nú og mun ljósleiðari liggja innan helgunarsvæðis beggja minjastaða (en minjar hafa 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðar). Að auki má geta þess að bænhús (SF-187:002) var áður á þessum slóðum en nákvæm staðsetning þess er ekki kunn. Á þessu svæði má minna á að nokkur hætta er á því að áður óþekktar minjar leynist undir sverði enda bendir allt til þess að þarna hafi verið búið um aldaraðir.

Frá heimreiðinni liggur fyrirhuguð heimtaug örfáa metra til suðurs að syðra íbúðarhúsínu á gamla bæjarstæðinu. Ekki eru aðrar fornleifar þekktar þar en gamla tröðin (SF-187:028) sem lá heim að bænum þar sem nú er skurður. Hún er bæði merkt inn á túnakort frá 1920 og bæjarteikningu Dana frá 1904. Fyrirhuguð ljósleiðaralögnum liggja þvert yfir legu traða. Önnur heimtaug liggur til suðurs yfir túnin að syðsta íbúðarhúsínu í Flögu. Sú taug liggur sem fyrr segir yfir þjóðleið (SF-661:011) en einnig yfir óljós ummerki um túngarðinn á Flögu (SF-187:031) nálægt þeim stað þar sem kálgarður (SF-187:030) var áður byggður upp við túngarðinn samkvæmt bæjarteikningu Dana frá því 1904. Greinilegur hryggur er í túninu þar sem túngarðurinn lá. Ekki eru aðrar þekktar fornleifar á lagnaleiðinni að syðsta íbúðarhúsínu í Flögu. Fjórði leggur ljósleiðarans liggur að nyrsta íbúðarhúsínu í Flögu. Hann liggur til suðausturs vestan við núverandi þjóðveg en beygir svo til norðurs norðan við heimreið að húsinu og liggur beint að því. Engar þekktar fornleifar eru á þessum kafla.

**c) Heimtaug að veiðihúsi í landi Hemru.**

Ljósleiðari mun liggja frá þjóðvegi fast norðan heimreiðar að veiðihúsi og beint að húsinu. Engar fornleifar eru þekktar á þessum kafla.

**d) Heimtaug að félagsheimilinu Tunguseli í landi Hemru.**

Ljósleiðari mun liggja frá þjóðvegi og beint til vesturs yfir grasflöt sem nú er framan við Tungusel. Engar þekktar fornleifar eru á lagnaleiðinni.

### e) Heimtaug að íbúðarhúsínu í Hemru

Ljósleiðarataug mun liggja að íbúðarhúsínu í Hemru fast sunnan við núverandi heimreið. Ekki eru greinilegar fornleifar á þessum kafla en eldra íbúðarhús á jörðinni (SF186:002) var á svipuðum slóðum og núverandi íbúðarhús og gætu leifar þess því mögulega reynst innan áhrifasvæðis þar sem taugin fer inn í hús. Fyrirhuguð lega ljósleiðara er í gegnum gamla túnið og því ekki ólíklegt að á leiðinni gætu leynt minjar undir sverði. Eldri heimreið og túnjaðar voru á svipuðum slóðum en engin mannaverk eru að sjá þar. Eldra bæjarstæði Hemru var reyndar um 100 m suðvestar en núverandi íbúðarhús en var fært til norðausturs um aldamótin 1900 og dregur það að nokkru úr hættunni á að ljósleiðari raski minjum þar sem hann liggur ekki í næsta nágrenni elsta bæjarstæðis.



Fyrirhuguð lega ljósleiðara heim að Hemru. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

f) Ljósleiðari frá Hemrulandi og að heimreiðum Hlíðabæjanna

Ráðgert er að ljósleiðarinn muni liggja fast norðan við veginn yfir Tungufljót í Hemrulandi og beygja svo þar sem vegur 2159 að Hlíðarbæjunum liggur til norðurs að heimreiðum bæjanna. Gert



Fyrirhuguð lega ljósleiðara frá Hemru að Hlíðarbæjum. Loftmynd: Loftmyndir ehf.


er ráð fyrir að ljósleiðarinn muni liggja yfir Tungufljót á sömu slóðum og vað (SF-176:029) var áður á Kirkjuleið (SF-661:022) sem lá á milli Hemru og Ása og merkt er inn á Herforingjaráðskort frá 1904. Ekki sjást skýr ummerki um vað eða eldri leið á þessum slóðum lengur. Ekki eru aðrar minjar þekktar innan áhrifasvæðis ljósleiðarans þótt áhugaverð örnefni séu í næsta nágrenni, norðarlega á lögninni að vestanverðu. Þar er stæðilegur melhóll, *Kumli*, og *Kumlatorfa* (SF-176:021)

er austan við hólinn. Hún nær langleiðina að núverandi vegi og fyrirhugaðri legu ljósleiðarans. Örnefnin gætu bent til þess að á þessum slóðum kunni að reynast heiðin kuml en engar eiginlegar vísbendingar hafa þó fundist um slíkt og hefur hluta af svæðinu þegar verið raskað við malarnám.

## Helstu niðurstöður

Í þessari greinargerð var farið yfir fyrirhugaða legu ljósleiðara í Skaftártunguhreppi heim að bæjum í Hrifunesi, Flögu og Hemru en einnig að veiðihúsi og félagsheimilinu Tunguseli í landi Hemru. Að auki þess var farið yfir fyrirhugaða legu stofnlagnar frá Hemru að Hlíð. Á flestum stöðum er ráðgert að leggja ljósleiðara samsíða heimreiðum og vegum og er fyrirhuguð staðsetning víðast hvar ásættanleg með tilliti til þekktra fornleifa. Til að mynda er engin greinileg tóft innan áhrifasvæðisins. Ljósleiðarinn kemur þó til með að liggja í gegnum eða inn á helgunarsvæði átta minja. Engar fornleifar voru þekktar innan áhrifasvæðis ljósleiðara í Hrifunesi (svæði a), við veiðihús (svæði c) eða að Tunguseli (svæði d). Í landi Flögu (á svæði b) mun ljósleiðarinn hins vegar fara í gegnum traðir og liggur þar við gamla bærstæðið (SF-187:001) og nærri staðsetningu útihúss (SF-187:005) sem engin ummerki sjást um á yfirborði. Heimtaug ljósleiðara að syðsta íbúðarhúsinu í Flögu mun liggja í gegnum heimatúnin, í gegnum gamla leið (SF-661:011) og gamla túngardínn (SF-187:030-031) sem enn sjást leifar af. Í landi Hemru (svæði e) sjást engar minjar á lagnaleiðinni. Hún fer þó nærri þeim stað þar sem eldri heimreið lá og eldra íbúðarhúsi á jörðinni sem byggt var rétt eftir 1900 en engin ummerki sjást lengur um (SF-186:002). Á þeim hluta lagnar sem liggur frá Hemru að Hlíð (svæði f) er fyrirhuguð lega ljósleiðara á þeim slóðum þar sem farið var á vaði (SF-176:029) yfir Tungufljót á svokallaðri Kirkjuleið (SF-661:022) og áfram til norðurs. Engar aðrar fornleifar eru þekktar á áhrifasvæði ljósleiðara en þó liggur ljósleiðarinn yfir jaðar svæðis sem nefnt er Kumlatorfa. Örnefnið gæti bent til þess að á þeim slóðum hafi verið kuml, þótt ekki sé vitað til að ummerki um grafir úr heiðnum sið hafi komið í ljós við framkvæmdir á þessum slóðum.

Minjastofnun Íslands mun taka afstöðu til ljósleiðaralagnar með tilliti til fornleifa. Í lok þessarar greinargerðar er rétt að ítreka að ekki var gerð deiliskráning vegna ljósleiðara heldur byggir úttektin á fyrilliggjandi gögnum úr aðalskráningu. Umraedd svæði hafa því ekki verið gengin skipulega í leit að áður óþekktum minjum. Einnig er ljóst að þegar er búið að plægja stóran hluta ljósleiðaralagnar um sunnanverða Skaftártungu í jörðu og má vera að minjum hafi verið spillt við þá framkvæmd. Einnig má benda á að ekki er útilokað að fornminjar komi í ljós við framkvæmdir sem ekki sjást á yfirborði og engar heimildir hafa varðveisist um. Í slíkum tilvikum skal tafarlaust hafa samband við Minjastofnun Íslands.



#### SKÝRINGAR

- Plæging ljósleiðararörs fyrir stofnstreng
- Fyrirliggjandi ljósleiðararör
- Plæging ljósleiðararörs fyrir heimtaug
- Fyrirliggjandi ljósleiðari Mílu
- Sveitarfélagamörk
- Tengiskápur

xxxx m (yy) Vegalengd milli tengiskápa  
(stærð ljósleiðarastrengs)

Múli og Ytri Ásar eru einnig tengd  
ljósleiðara Mílu

#### ÚTGÁFUFERILL

Skaftárreppur

LJÓSLEIÐARKERFI - Yfirlitsmynd

Táknica	Málkort	Blaðsíða	Uppgå
6269-004-TE-I-001-V03 Yfirlitsmynd	1:30,000	A2	001
Umhverf Skaftárreppur	Dags:	05.09.2018	Tiltegn af RV

 EFLA

